

# Gangstéttir – Suðureyri

Á ýmsum stöðum í Ísafjarðarbæ vantar gangstéttir eða þörf er á verulegri lagfæringu. Áætlað er að kostnaður á hvern meter sé um 60.000 kr.

Forgangur 1 inniheldur staði þar sem engar gangstéttir eru á fjölförnum stöðum eða íbúðarhverfi m.t.t. til nýbygginga.


Forgangur 2 inniheldur ónýtar gangstéttir á fjölförnum stöðum.

Forgangur 3 inniheldur ónýtar gangstéttir í íbúðarhvefum.

## Forgangur 1 – Engar gangstéttir

### Sægata

Engin gangstétt eru í Sægötu hvort sem það er við leikskólann eða íbúðarhúsnæðin. Í deiliskipulagi frá árinu 2003 er gert ráð fyrir gangstétt meðfram leikskólanum og út götuna að Sætúni. Lengd nýrrar gangstéttar yrði um 100 m.



Gangstétt við tjörn og leikskóla.

### Túngata

Engin gangstétt er austanmegin við skólann í Túngötu, hvorki við tjörnina né íbúðarhúsnæðin. Í deiliskipulagi frá árinu 2003 er gert ráð fyrir gangstétt meðfram tjörninni ásamt gangstétt í gegnum eyju sem stendur í miðju Túngötu 13-27. Lengd nýrrar gangstéttar meðfram tjörn yrði um 90 m. og í gegnum eyju um 35 m.

### Hlíðarvegur

Engin gangstétt er á Hlíðarvegi, hvorki í brekkunni né við húsin sem taka við eftir hana. Í deiliskipulagi Suðureyrarmala frá árinu 2016 sést á mynd hvernig gert er ráð fyrir því að gangstéttin við Aðalgötu 3 haldi áfram upp austanmegin við brekkuna og áfram upp Hlíðarveg. Lengdin yrði um 245 m. ef hann næði alla leið að Orkubúinu en um 170 m. ef hann næði að síðasta íbúðarhúsnæði.



Deiliskipulag Suðureyrarmala.

### Hjallavegur

Engin gangstétt er á Hjallavegi. Gangstétt meðfram Hjallavegi yrði um 320 m. löng.

### Hjallabyggð

Engin gangstétt er í Hjallabyggð. Gangstétt með fram húsunum þar yrði um 180 m. löng.

## Forgangur 2 – Ónýtar gangstéttir á fjölförnum stöðum

### Aðalgata

Aðalgatan er löng gata og eru kaflar hér og þar sem eru illa farnir og aðrir í fínu ástandi. Allir illa fögnu kaflarnir eru samtals um 270 m.

## Forgangur 3 – Ónýtar gangstéttir í íbúðarhverfum